

Landssamtök lífeyrissjóða

Ársreikningur 2023

Landssamtök lífeyrissjóða
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík

Kt. 450199-2069

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Í árslok 2023 voru aðildarsjóðir 20. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2023 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 160 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 6,9 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 83,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 77 millj. kr. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2024

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Jón Ólafur Halldórsson

Gylfi Jónasson

Jakob Tryggvason

Arnaldur Loftsson

Harpa Jónsdóttir

Ingibjörg Ólafsdóttir

Auður Kjartansdóttir

Valmundur Valmundsson

Elsa Björg Pétursdóttir

Framkvæmdastjóri:

Þórey S. Þórðardóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 19. mars 2024

KPMG ehf.

Díana Hilmarsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Árgjöld	1b	160.000.000	140.000.000
Aðrar tekjur		0	3.788.959
		<u>160.000.000</u>	<u>143.788.959</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	114.863.839	101.034.379
Annar rekstrarkostnaður	3	45.517.091	47.190.214
Afskriftir	4	608.046	760.057
		<u>160.988.976</u>	<u>148.984.650</u>
Rekstrartap		(988.976)	(5.195.691)
Vaxtatekjur		7.816.427	3.644.608
Vaxtagjöld		(6.928)	(1.741)
Gengismunur		86.743	5.400
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>7.896.242</u>	<u>3.648.267</u>
Hagnaður (tap) ársins	5	<u>6.907.266</u>	<u>(1.547.424)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Rekstrarfjármunir	4	2.432.182	3.040.228
Fastafjármunir samtals		<u>2.432.182</u>	<u>3.040.228</u>
Handbært fé		98.996.555	88.686.921
Veltufjármunir samtals		<u>98.996.555</u>	<u>88.686.921</u>
Eignir samtals		<u>101.428.737</u>	<u>91.727.149</u>
Eigið fé	5	<u>83.905.984</u>	<u>76.998.718</u>
Skuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir		17.522.753	14.728.431
Skammtímaskuldir samtals		<u>17.522.753</u>	<u>14.728.431</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>101.428.737</u>	<u>91.727.149</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	6.	6.907.266	(1.547.424)
Afskriftir		608.046	760.057
Arður vegna slita á Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða hf.	5.	0	(3.788.959)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>7.515.312</u>	<u>(4.576.326)</u>
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		2.794.322	(3.640.729)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>2.794.322</u>	<u>(3.640.729)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>10.309.634</u>	<u>(8.217.055)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Slit á Eignarhaldsfélagið lífeyrissjóða hf.	5.	0	4.461.167
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>4.461.167</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		10.309.634	(3.755.888)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>88.686.921</u>	<u>92.442.809</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>98.996.555</u></u>	<u><u>88.686.921</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

b. Innlausn tekna

Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2023 taka mið af heildareignum sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir árið 2021. Fast lágmarksgjald á hvern aðildarsjóð nam 400 þús. kr.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

d. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun stjórnar og varastjórnar	15.861.500	13.932.000
Laun formanna fastanefnda	6.650.500	6.066.000
Laun og hlunnindi starfsmanna	68.922.019	60.829.502
Laun samtals	91.434.019	80.827.502
Launatengd gjöld	23.429.820	20.206.877
Laun og launatengd gjöld samtals	114.863.839	101.034.379

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf

3,1

3,0

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og formanna fastanefnda greinist þannig

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri	36.934.944	33.938.512
Hilmar Harðarson, formaður stjórnar og samskiptanefndar janúar til maí	1.665.000	3.439.500
Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar frá júní til desember	3.180.000	1.294.500
Gylfi Jónasson, varaformaður	2.145.000	1.941.750
Arnaldur Loftsson	1.430.000	1.294.500
Erla Jónsdóttir	930.060	1.294.500
Haldóra Káradóttir	555.000	1.294.500
Harpa Jónsdóttir	1.430.000	1.294.500
Ingibjörg Ólafsdóttir	1.430.000	1.294.500
Valmundur Valmundsson	1.430.000	1.294.500
Hulda Rós Rúriksdóttir	236.000	162.750
Erla Ósk Ásgeirsdóttir	55.500	107.250
Sigurbjörn Sigurbjörnsson	0	107.250
Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður réttindanefndar	1.430.000	1.294.500
Ólafur Sigurðsson, formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða	1.430.000	1.294.500
Rebekka Ólafsdóttir, formaður áhættunefndar	1.430.000	1.294.500
Snædís Ögn Flosadóttir, formaður fræðslunefndar	555.000	1.294.500
Auður Kjartansdóttir	875.000	0
Elsa Björg Pétursdóttir	992.876	0
Hildur Hörn Daðadóttir, formaður fræðslunefndar	875.000	0
Jakob Tryggvason	875.000	0
Una Eypórsdóttir	55.500	0

Skýringar, frh.:

3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2023	2022
Kynningamál, almannatengsl og auglýsingakostnaður	10.787.660	11.704.599
Húsaleiga	5.370.074	4.714.933
Annar húsnæðiskostnaður	451.058	492.105
Pappír, prentun, ritföng	661.978	778.218
Símakostnaður og burðargjöld	1.215.986	816.183
Bækur, blöð, tímarit og fjölmiðlavakt	1.397.119	1.413.725
Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu lífeyrissjóða	1.800.000	1.800.000
Aðkeypt þjónusta endurskoðenda, bókhald og launavinnsla	3.247.624	3.051.429
Aðkeypt þjónusta annarra sérfræðinga	8.757.433	9.027.551
Ferðakostnaður	1.156.704	1.738.982
Fundir, ráðstefnur, risna og námskeið	5.250.225	6.286.494
Félagsgjöld	2.354.594	2.123.100
Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki	441.559	958.926
Starfsmannakostnaður	1.494.140	1.158.546
Annar kostnaður	1.130.937	1.125.423
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>45.517.091</u>	<u>47.190.214</u>

4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld og tæki
Stofnverð 1.1.2023	4.145.765
Stofnverð 31.12.2023	<u>4.145.765</u>
Afskrifað 1.1.2023	1.105.537
Afskrifað á árinu	608.046
Afskrifað 31.12.2023	<u>1.713.583</u>
Bókfært verð 31.12.2023	<u>2.432.182</u>
Afskriftahlutföll	20%

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	24.416.897	52.581.821	76.998.718
Hagnaður ársins		6.907.266	6.907.266
Eigið fé 31.12.2023	<u>24.416.897</u>	<u>59.489.087</u>	<u>83.905.984</u>

6. Leigusamningur

Félagið er leigutaki að húsnæði. Leigusamningurinn flokkast sem rekstrarleigusamningur og er því ekki færður í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningur er ótímabundinn með tólf mánaða uppsagnarfresti og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Rekstrarleigugjöld námu 5,4 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 4,7 millj. kr.) og eru færð í rekstrarreikning á meðal rekstrarkostnaðar.

Undirritunarsíða

Jón Ólafur Halldórsson

Ingibjörg Ólafsdóttir

Auður Kjartansdóttir

Elsa Björg Pétursdóttir

Valmundur Valmundsson

Arnaldur Loftsson

Gylfi Jónasson

Jakob Tryggvason

Harpa Jónsdóttir

Díana Hilmarsdóttir

Undirritunarsíða

Þórey Sigríður Þórðardóttir